



Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2015

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (hafnríkisaðgerðir) 418. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (hafnríkisaðgerðir), 418. mál.

Samtökin taka undir þau sjónarmið sem koma fram í frumvarpinu um mikilvægi þess að styrkja eftirlit með fiskveiðum erlendra skipa til samræmis við alþjóðasamning FAO um hafnríkisaðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar (IUU fishing).

Ólöglegar og óábyrgar veiðar eru alþjóðlegt vandamál og ljóst er að árangur næst ekki í baráttunni gegn þeim nema í náinni samvinnu ríkja og með fullnægjandi lagalegum heimildum til að taka á málum sem upp koma í tengslum við ólöglegar veiðar. Á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana eins og NEAFC og NAFO á Norður-Atlantshafinu, sem og á vettvangi FAO, hafa ríki samþykkt margháttáðar reglur sem ætlað er að sporna gegn ólöglegum og óábyrgum veiðum hentifánaskipa á úthafinu. Þær reglur taka meðal annars til skipa sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum á úthafinu og verið færð á „svarta lista“ svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana.

Íslensk stjórnvöld undirrituðu samninginn í nóvember 2009. Það er mikið hagsmunamál fyrir Ísland að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskstofnanna sé ekki ógnað með ólöglegum og óábyrgum veiðum og þannig grafið undan ábyrgri fiskveiðistjórnun. Samtökin telja því einsýnt að frumvarp þetta nái fram að ganga, enda mun það styrkja stöðu Íslands í báráttunni gegn ólöglegum og óábyrgum fiskveiðum á alþjóðavettvangi að hann sé innleiddur í íslenskt lagaumhverfi.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.
fh. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

